

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 476/1987 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	63 036	2800 – 2999	103 624
1000 – 1999	80 574	3000 – 3199	108 234
2000 – 2199	85 184	3200 – 3399	112 844
2200 – 2399	89 794	3400 – 3599	117 454
2400 – 2599	94 404	3600 – 3799	122 064
2600 – 2799	99 014	3800 – 3999	126 674

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	81 946	2800 – 2999	134 711
1000 – 1999	104 746	3000 – 3199	140 704
2000 – 2199	110 739	3200 – 3399	146 697
2200 – 2399	116 662	3400 – 3599	152 690
2400 – 2599	122 725	3600 – 3799	158 683
2600 – 2799	128 718	3800 – 3999	164 676

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 – 4,9	4,32	15,0 – 15,9	9,19
5,0 – 5,9	4,60	16,0 – 16,9	9,92
6,0 – 6,9	4,97	17,0 – 17,9	10,64
7,0 – 7,9	5,21	18,0 – 18,9	11,29
8,0 – 8,9	5,44	19,0 – 19,9	12,15
9,0 – 9,9	5,69	20,0 – 20,9	12,79
10,0 – 10,9	6,04	21,0 – 21,9	13,53
11,0 – 11,9	6,26	22,0 – 22,9	14,39
12,0 – 12,9	7,05	23,0 – 23,9	15,07
13,0 – 13,9	7,72	24,0 – 24,9	15,75
14,0 – 14,9	8,54	25,0 og þyngri	16,52

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1989, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 13 21. janúar 1988 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Seinni hluti greiðslu hins sérstaka fóðurgjalds, þ.e. sem svarar til 25/80 hluta af fullu gjaldi, skal reiknaður eftir afurðamagni alifugla og svína skv. 11. gr., þannig að ekki verði endurgreitt vegna meira magns kjarnfóðurs til ársframléiðslu afurða en sem nemur að meðaltali, að hámarki:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,6 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3,8 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts	4,0 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,0 kg fóðurs